

136. fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins  
Klausturhóla, í Kapellunni, 25.4.22 kl.13:00.

Mættir: Sveinn Hreiðar Jansson, Elín Heiða Valsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Anna María Ólafsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir, Auðbjörg Bjarnadóttir og Fanney Ásgeirsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar:

**1. Ársreikningur 2021 til umfjöllunar og afgreiðslu**

Rekstrarnefnd staðfestir ársreikninginn og þakkar stjórnendum frábæran árangur í rekstrarstjórnun heimilisins á liðnu ári.

**2. Rekstraryfirlit janúar til mars**

Reksturinn er á áætlun.

**3. Skýrsla hjúkrunarforstjóra**

Nýr hjúkrunarforstjóri ánægður með hvernig hefur gengið. Daglega starfið gengur vel, nokkur mannekla en horfir til betri vegar.

**4. Jafnlaunavottun Hjúkrunarheimilins Klausturhóla**

Hjúkrunarforstjóra falið að vinna málið áfram.

**5. Önnur mál**

Brýn þörf er á að endurnýja þakkanta hjúkrunarheimilisins og fleiri viðhaldsþættir eru komnir á tíma. Rekstrarnefndin felur hjúkrunarforstjóra að skipuleggja viðhaldsverkefni og framkvæmdir og fá kostnaðaráætlun fyrir þeim. Hjúkrunarforstjóra er einnig falið að sækja um fyrir framkvæmdunum í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:38.

Sveinn HJ  
Auðbjörg Bjarnadóttir  
Elín H.V.  
Anna M. Ól.  
Fanney Ásg.